



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

☒ Suðurlandsbraut 24  
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skútustaðahreppur  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
sveitarstjóri  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík, 30. maí 2007  
Tilvísun: UST20070500039/tb

**Efni: Tillaga á breytingu á aðalskipulagi, Dimmuborgir, stofnanasvæði. Deiliskipulag fyrir stofnanasvæðið**

Vísað er í bréf frá Skútustaðahreppi, dags. 10. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Um er að ræða að svæði sem er bæði innan og utan núverandi landgræðslugirðingar við Dimmuborgir. Lagt er til að svæðið verði skilgreint sem stofnanasvæði. Einnig er samtímis auglýst deiliskipulagstillaga fyrir stofnanareitinn.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að í aðalskipulagi sé skilgreind lóð við Dimmuborgir sem stofnanasvæði en mikil þörf er fyrir aðstöðu þar. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemd við einstök atriði í tillögnum:

- Umhverfisstofnun telur óþarfa að láta stofnanalóðina ná inn á hraunjaðar til suðurs. Eðlilegra er einfaldlega að laga lóðarmörk að þeirri þörf sem er til staðar svo að ekki fari á milli mála að hraunjaðarinn verði verndaður fyrir raski sunnan til í reitnum.
- Hvað varðar deiliskipulagstillöguna tekur Umhverfisstofnun undir byggingaskilmála fyrir byggingarreit 1. Það er afar mikilvægt fyrir þennan stað að byggingar verði látnar aðlaga sig að landslaginu en verði ekki í andstöðu við það sem einskonar „minnisvarðar“. Því tekur Umhverfisstofnun einnig undir hluta byggingaskilmála fyrir byggingarreit 2 þ.e. að húsið standi sem minnst upp úr landslaginu og að byggingarefni skuli vera sem náttúrulegast, þ.e. grjót, torf og timbur. Umhverfisstofnun er hins vegar ekki jafnsannfærð um að vel fari að hafa hámarks mænishæð 7,5 metra eða að hafa mjög stóra glugga sem geta gefið endurskin í sólu. Á þessu svæði er engin ástæða til að láta byggingar draga athygli frá náttúrufegurð Dimmuborga og landslagi svæðisins. Leysa má útsýni með því að tryggja að bílastæði séu ekki í sjónlínu og hæð með því að grafa húsið að hluta niður.